

SVEINSPRÓF Í SÖÐLASMÍÐI

Starfsgreinaráð í hönnunar- og handverksgreinum tilnefnir í sveinsprófsnefndir í kjólasaumi, klæðskurði, gull- og silfursmíði, skósmíði og söðlasmíði.

STARFSREGLUR OG FRAMKVÆMD

Sveinsprófsnefnd ber ábyrgð á prófþáttalýsingu, skilgreiningu á vægi prófþátta og framkvæmd sveinsprófa.

KYNNING FYRIR PRÓFTÖKUM

Sveinsprófsnefnd heldur kynningu á framkvæmd og starfsreglum sveinsprófa fyrir próf. Þar fá væntanlegir próftakar allar þær upplýsingar sem þeir þurfa og geta þá lagt fyrir spurningar um þau atriði sem eru óljós.

PRÓFSTAÐUR

Verklegi og skriflegi hluti sveinsprófs í söðlasmíði fer fram eftir atvikum á viðeigandi verkstæði í söðlasmíði.

AÐSTAÐA

Til að leysa verkefni í sveinsprófi í söðlasmíði þarf nemi að hafa viðeigandi verkfæri samkvæmt verkfæralista hverju sinni nema annað sé tekið fram. Sveinsprófsnefnd hefur tekið út aðstöðu og metið að prófaðstaðan sé fullnægjandi. ÍÐAN fræðslusetur og forsvarsmenn staðar þar sem prófið fer fram hafa gert með sér samning um afnot sveinsprófsnefndar af húsnæði fyrir sveinsprófin.

Sveinsprófsnefndarmenn eru þeir einu sem hafa heimild til að vera viðstaddir í prófi nema annað sé ákveðið fyrir fram og ber þá að upplýsa próftaka sérstaklega

PRÓFÞÆTTIR OG VÆGI

Vægi á prófhlutum

| | |
|-----|--|
| 80% | Verklegt próf, hnakkur, viðgerð og nýsmíði |
| 10% | Skriflegt próf |
| 10% | Hraði |

Nemandi þarf að ná að lágmarki 5 í einkunn í hverjum prófhluta fyrir sig til að ná prófi.

SKRIFLEGT PRÓF

Prófið samanstendur af fjölvalsspurningum, tengispurningum, teikningum og opnum spurningum ásamt ritgerðarspurningum. Ritgerðarspurning má aldrei veða meira en 20% af skriflega prófinu. Við val á spurningum er leitast við að hafa sem mesta breidd og að þær endurspegli markmið og tilgang námsins. Vægi þátta getur verið misjafnt en hver þáttur má aldrei vera meira en 20%. Skriflegt próf er tekið samhliða verklega prófinu á próftímanum og fær próftaki 2 klst. til að ljúka því.

VERKLEGT PRÓF

Verklegt próf vegur 80% af sveinsprófi. Nemandi smíði hnakk. Hann á að vera búinn að forvinna hnakkinn, þannig að virki sé tilbúið (búið sé að strekkja yfir virkið og stoppa sæti). Hvort sem það er foam, svampur eða eitthvað annað. Sæti sé tilbúið með dobbellöfum og saumað með miðseymi. Löf séu tilbúin með hnépúðum svo og hryggskinn, móttök o.fl. Undirdýnur séu tilbúnar til stoppunar.

- Nemandi setur hnakkinn saman og gengur frá honum með hnakknögglum og kengjum.
 - Stoppi undirdýnur með ull.
 - Hann fær til þess 8 klst.
 - Nemandi framleiði reiða með volka og fær til þess 2,5 klst. Sylgur á volka skulu handsaumaðar.
 - Nemandi taki sundur spaðalausan hnakk og stoppi í eftir fyrirmælum frá „knapa“. Má vera t.d. „pollur“ í dýnu, meiðir, of hár að aftan. Nemandi saumi dýnur undir aftur. Fær til þess 3 klst
 - Nemandi bætir göt á undirdýnum (pari). Fær til þess 1,5 klst.
 - Nemandi útbýr yfirdýnu á hnakk (svamp- eða ullarstoppuð) sem dómnefnd velur, fær til þess 3 klst.
- Nemandi útbýr eitt af eftirfarandi (dregur miða) og fær til þess 30 mínútur:
- Ístaðsólur, par
 - Töskuólar, par
 - Taumur með stoppurum
 - Nasamúll
 - Teymigjörð
 - Tökumúll
 - Hökuól
 - Höfuðleður einfalt með ennisól

Greinargerð með matsblaði

Þrír prófdómarar dæma prófið og fyllir hver og einn út matsblað óháð öðrum dómurum. Að mati loknu er reiknað meðaltal þessara þriggja dómara og gefin einkunn út frá því. Prófdómara er heimilt að taka myndir ef þarf máli sínu til stuðnings.

1. Heildarmynd hnakksins er dæmd. Ekki kafað í smáatriði, heldur heildarsvipur. Athuga skal ef áberandi lýti er, t.d. reiðakengur skakkur, hefur það áhrif hér og líka í lið 10.
2. Virkið vel unnið, strekkingar jafnar og réttar. Frágangur á borðum góður, svo og festingar á borðum. Stoppun á sæti sé eðlileg og frágangur allur góður.
 - 2.1 Virkið passi á íslenskan hest, borðar úr réttum efnum. Lím, naglar, hefti, skrúfur o.fl. sé rétt valið og henti notkuninni til framtíðar.
3. Snið á sæti og dobellöfum fari saman. Engin brot séu í dobellöfum né krumpa í sæti. Saumur sé hreinn og á réttum stað. Ekki sé saumað út á eða yfir miðseymið. Sporastærð sé rétt.
 - 3.1 Leður og annað efni sé rétt valið, tvinni sé sterkur og leðrið gallalaust.
4. Sætið sé jafnt og slétt. Strammleður heilt og frágangur á því góður. Frágangur á skauti fallegur og jafn hvort sem miðseymi nær allan hringinn eða ekki.
5. Löf séu eðlileg í laginu, línur mjúkar og fallegar. Púðar vel lagaðir og jafnir. Löf og framanístykki eðlilega fest saman og hryggskinn snyrtilegt.
 - 5.1 Leðrið í þessa hluti sé rétt valið. Það er að segja, hvar það er tekið, þykkt og gerð. Leðrið sé gallalaust. Fylliefni púða, tvinni, lím o.fl. sé rétt valið miðað við notkun og slit.
6. Löfin leggist rétt og séu jafn langt fram (hnakkurinn ruggi ekki sé hann reistur upp). Festingar séu jafnar og réttar á löfum og framanístykki. Hryggskinn sé slétt og loki vel út á virkið.
7. Staðsetning móttaka sé rétt. Festingar traustar og götin á móttökunum standist á, óháð fjölda (aldrei færri en 2 móttök). Lengd móttaka sé eðlileg miðað við fyrirframákveðna gjarðarlengd nemanda.
 - 7.1 Leður og borðar séu rétt valdir miðað við álag og notkun.
8. Undirdýnur séu báðar eins og passi undir hnakkinn. Saumar hreinir og öflugir. Sporlengd rétt og frágangur góður. Spjöldin vandlega saumuð við dýnuna.
 - 8.1 Leðrið í undirdýnunum sé rétt miðað við slit og álag.
9. Ullin í báðum dýnunum á vera jafn þétt. Magnið af ull skal vera hæfilegt (ekki of lítið svo hnakkur meiði ekki).
10. Frágangur á nöglum, skrúfum, heftum og kengjum á að vera fallegur, þar sem það hefur áhrif á útlit hnakksins. Skrúfur, hefti og naglar með álíka millibili, hnakknaglar ómarðir, kengir beinir og rétt staðsettir o.s.frv.
 - 10.1 Réttar skrúfur, naglar og hefti notað með tilliti til útlits og endingar.
11. Stærðir og lengdir passi íslenskum hesti. Volki sé formaður og saumur snúi rétt. Syljuólar saumaðar á volka og séu jafn mörg spor hvorum megin. Volki sé stoppaður með snúru, bandi eða ull.
 - 11.1 Rétt efni valið sem stopp, sylgur sömu gerðar og rétt valið leður.
12. Stoppað sé eins í báðar dýnur og þær jafnar. Saumað sé rétt undir aftur og eldri göt notuð.

13. Bætur séu jafn stórar og staðsetning eins. Brúnir á bótum þynntar, vel límdar og saumaðar.

13.1 Rétt leður sé valið og sé í samræmi við það sem fyrir er.

14. Nemandi útbúi dýnu með ullar- eða svampstoppi á hnakk sem dómnefnd velur. Dæmt er snið, útlit, saumaskapur og festingar

14.1 Efni sé í samræmi við notkun og henti í verkefnið.

EINKUNNAGJÖF

| | |
|------------------------------|-----------------------------|
| Einkunn 10 vísar til þess að | 95% - 100% markmiða var náð |
| Einkunn 9 vísar til þess að | 85% - 94% markmiða var náð |
| Einkunn 8 vísar til þess að | 75% - 84% markmiða var náð |
| Einkunn 7 vísar til þess að | 65% - 74% markmiða var náð |
| Einkunn 6 vísar til þess að | 55% - 64% markmiða var náð |
| Einkunn 5 vísar til þess að | 45% - 54% markmiða var náð |
| Einkunn 4 vísar til þess að | 35% - 44% markmiða var náð |
| Einkunn 3 vísar til þess að | 25% - 34% markmiða var náð |
| Einkunn 2 vísar til þess að | 15% - 24% markmiða var náð |
| Einkunn 1 vísar til þess að | 0% - 14% markmiða var náð |

SKIL Á EINKUNNUM OG PRÓFSÝNING

Formenn sveinsprófa skila einkunnum á sveinsprófi til IÐUNNAR ekki seinna en þremur vikum eftir að sveinsprófi lýkur. Próftakar fá niðurstöður sveinsprófa afhentar eigi síðar en 28 dögum eftir að prófið hefur verið haldið.

Mat á prófpáttum fer fram strax að loknu prófi og fær nemandi að vita niðurstöðuna um leið og dómnefnd hefur lokið störfum, þó eigi síðar en fjórum vikum eftir að prófi lýkur. Í prófsýningu tilkynnir sveinsprófsnefnd próftaka hvort hann hafi staðist próf. Próftaki getur óskað eftir útskýringum á mati sveinsprófsnefndar. Próftaki samþykkir niðurstöðu sveinsprófsnefndar með undirskrift sinni á þar til gert plagg. Uni próftaki ekki niðurstöðu sveinsprófsnefndar áskilur nefndin sér rétt til að halda eftir prófstykki hans.

Sveinsprófsnefnd ber ábyrgð á að sveinsprófsverkefni sé varðveitt með ákveðnum hætti, s.s. eins og með mynd eða öðrum sannanlegum hætti, í eitt ár eftir að prófi lýkur.

Skriflegum úrlausnum skal eytt tryggilega að þeim tíma liðnum og er sveinsprófsnefnd/IÐAN ábyrg fyrir þeirri framkvæmd. Um meðferð kærumála skal lúta reglugerð nr. 689/2009 um sveinspróf.

ALMENNAR REGLUR

- Próftaki skal mæta til prófs á réttum tíma.
- Próftaki má hafa með sér gögn og verkfæri sem eru gefin upp í upplýsingabréfi.
- Þurfi próftaki að yfirgefa prófsvæðið á meðan próf stendur yfir skal það gert í samráði við prófdómara.
- Hafi sveinsprófstaki ekki staðist próf skal hann upplýstur um það eigi síðar en viku eftir að prófi lýkur.
- Ef um veikindi er að ræða í verklegu prófi verður viðkomandi sveinsprófstaki að bíða þar til næsta próf verður í boði.
- Ef staðfesting frá viðkomandi framhaldsskóla um námsörðugleika er til staðar fær viðkomandi sveinsprófstaki viðbótartíma (fyrir skriflegt próf), hámark 30 mínútur.
- Ef próftaki er haldinn ákveðnum prófkvíða skal hafa samband við starfs- og námsráðgjafa hjá IÐUNNI fræðslusetri við skráningu í sveinspróf.

Þessar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um breytingar.